

91

13. ágúst

11. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1934.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

92

14. ágúst

REGLUGERÐ

um breytingu á bráðabirgðareglugerð um Kreppulánasjóð, nr. 108 2. okt. 1933.

1. gr.

Þau lán, sem Kreppulánasjóður veitir eftir staðfestingu reglugerðar þessarar, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum allan lánstímann. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að veita lán með þeim afborgunarskilmálum, sem ákveðnir eru í 27. gr. bráðabirgðareglugerðar nr. 108, 2. október 1933, um Kreppulánasjóð, ef lántakendur óska.

Um öll lán Kreppulánasjóðs gilda að öðru leyti ákvæði bráðabirgðareglugerðar um Kreppulánasjóð nr. 108 frá 2. október 1933.

2. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að breyta afborgunarskilmálum þeirra lána, sem veitt hafa verið úr Kreppulánasjóði fyrir staðfestingu þessarar reglugerðar, til samræmis við ákvæði 1. greinar, enda æski skuldunautar þeirrar breytingar.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.